



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 04.12.2019
Tilvísun: 201911-0042

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000, með síðari breytingum (lenging fæðingarorlofs), 393. mál.

Alþýðusamband Íslands fagnar því að komið sé fram þetta þarfa frumvarp og styður að það verði að lögum í núverandi mynd.

Málefni foreldra ungra barna eru sífellt í umræðunni enda nauðsynlegt að mati ASÍ að búið sé þannig um mál að kerfið, vinnumarkaðurinn og menningarvitund samfélagsins stuðli að því að markmið laganna ná fram að ganga, þ.e. að tryggja barni samvistir við báða foreldra sem og að gera körlum og konum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Þrátt fyrir að þetta frumvarp sé nú nýlega lagt fram er rétt að rekja það í stuttu máli að það varð ekki til upp úr engu og á sér talsverðan aðdraganda og ber þá helst að nefna skýrslu Velferðarráðuneytis og aðila vinnumarkaðarins um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum sem eðli málsins skv. er vitnað til í greinargerð með frumvarpinu.¹ Sérstaklega vegur þar þungt þær ályktanir sem draga má af tölfræði og viðhorfsrannsóknum sem vitnað er til. ASÍ tekur heilshugar undir þau sjónarmið sem þar koma fram um hvernig best sé að háttá skiptingu fæðingarorlofs til að tryggja það að markmiðum laganna sé náð. Í því samhengi eru þau sjónarmið vel römmuð inn af þeim fræðimönnum, Guðnýju Björk Eydal og Ingólfi V. Gíslasyni, sem hafa haft veg og vanda að þeim rannsóknunum í innsendri umsögn á Samráðsgáttina.²

Ábyrgð á heimili og heimilisstörfum sem og ójöfn skipting þeirra á milli kynja er ein stærsta ástæðan fyrir kynjamisrétti á vinnumarkaði. Öll skref í þá átt að stuðla að jafnri ábyrgð eru nauðsynleg að mati ASÍ. Fram hafa komið sjónarmið um að þessi breyting sem nú liggur fyrir geti haft í för með sér að foreldrar muni eiga erfiðara um vik að láta heimilishaldið ganga og öllu nær væri að fjölskyldur réðu alfarið sjálfar hvernig skipting þeirra mánaða sem ætlaðir eru til fæðingarorlofs skiptist á milli foreldra. Á sama tíma og ASÍ sýnir þessum sjónarmiðum skilning


¹ https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/skyrslur2016/11032016_Framtidarstefna_i_daedingarorlofsmalum.pdf

² [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1529&cuid=9f49e39b-4d05-ea11-9458-005056850474](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1529&cuid=9f49e39b-4d05-ea11-9458-005056850474)

enda heimilisaðstæður mjög mismunandi, þá má auðveldlega draga þá ályktun út frá þeirri tölfræði sem liggur fyrir að kerfi sem eyrnamerkir ekki réttinn til hvors foreldris geti leitt til verulegs bakslags í jafnréttisbaráttu. Jafnframt má færa rök fyrir því að séu hagsmunir barnsins hafðir að leiðarljósi sé augljósa niðurstaðan alltaf sú að binda réttinn við hvort foreldri enda tryggi það best samvistir barns við báða foreldra, þó svo að í sérstökum tilvikum geti það hentað foreldrum illa. Í því samhengi er rétt að benda á að nú er vinna hafin við heildarendurskoðun fæðingarorlofslaga nr. 95/2000 og því tækifæri til að tryggja að kerfið nái að grípa þau sérstöku tilvik sem upp geta komið svo að það virki sem best fyrir sem flesta.

Ekki verður skilið við svona umsögn án þess að vekja athygli á þeim áskorunum sem skapast hjá flestum foreldrum við að brúa bilið á milli fæðingarorlofstöku og dagvistunar. ASÍ óttast að ef ekki verður tekið almennilega á þeim málum og börnum tryggð örugg dagvistun í beinu framhaldi af fæðingarorlofstöku muni verða erfiðara um vik en ella að ná þeim áföngum í kynjajafnrétti sem nauðsynlegt er að ná. Æskilegast væri að vinna við lausnir á slíku væru unnar í samhengi við þá heildarendurskoðun sem nú á sér stað á fæðingarorlofslögum nr. 95/2000 sem og Jafnréttislögum nr. 10/2008.

Virðingarfyllst,



Halldór Oddsson

Lögfræðingur hjá ASÍ.

halldoro@asi.is / s. 535-5600

Velferðarnefnd
Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2019

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 (lenging fæðingarorlofs) 393. mál.

BHM fagnar því að til standi að lengja fæðingarorlof í 12 mánuði. Um er að ræða eitt stærsta jafnréttismál vinnumarkaðarins. BHM átti fulltrúa í starfshópi um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum sem skilaði af sér skýrslu í mars 2016. Hvað snertir lengd fæðingarorlofs var niðurstaða starfshópsins sú sama og lögð er til í frumvarpi þessu, það er að hvort foreldri um sig fái fimm mánuði sem ekki eru framseljanlegir og eiga að auki sameiginlegan rétt til tveggja mánaða, samtals 12 mánuðir. Í bókun BHM í skýrslunni kom fram sú afstaða bandalagsins að því markmiði laganna að foreldrum sé gert kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf sé best náð með því að skipta mánuðum jafnt á milli foreldra. Er sú afstaða BHM óbreytt að framtíðarskipan fæðingarorlofsmála sé best komið þannig að þegar um tvo foreldra er að ræða fái hvort foreldri sex mánaða fæðingarorlof. Réttindi á vinnumarkaði eru að jafnaði ekki framseljanleg og er það mat BHM að það sama eigi við um fæðingarorlof.

Í greinargerð með frumvarpi þessu er komið inn á mikilvægi þess að viðræður verði hafnar milli ríkis og sveitarfélaga um möguleika barna á að hefja leikskóladvöl við 12 mánaða aldur. BHM tekur undir þetta og vekur athygli á að það er mikilvægur hluti af skipan fæðingarorlofsmála að foreldrar séu ekki í þeirri stöðu að hafa klárað rétt sinn til fæðingarorlofs en hafa ekki kost á dagvistun fyrir barn og geta þ.a.l. ekki snúið aftur til starfa sinna.

Þá telur BHM rétt að áréttu mikilvægi þess að hækka hámarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði svo sem flestum foreldrum sé gert kleift að nýta rétt sinn að fullu foreldrum, barni og samfélaginu til hagsbóta. Í kjölfar efnahagshrunsins 2008 voru hámarksgreiðslurnar lækkaðar verulega og hafa frá þeim tíma ekki náð fyrri fjárhæðum sé tekið mið af verðlagi. Afleiðingin var meðal annars sú að foreldrar nýttu fæðingarorlof í minna mæli þó fyrst og fremst feður. Í stjórnarsáttmála þeirrar ríkisstjórnar sem nú er við völd kemur fram, í kaflanum um

jafnréttismál, að ríkisstjórnin leggi áherslu á jafnrétti kynjanna og að á dagskrá í samtali stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sé lenging fæðingarorlofs og hækkun orlofsgreiðslna í fæðingarorlofi. Mikilvægt er að fylgja eftir þeirri lengingu sem í frumvarpi þessu er lögð til með frekari hækkun hámarksgreiðslna.

BHM styður þá breytingu að lengja fæðingarorlof í 12 mánuði en leggur til að það verði útfært með þeim hætti að réttur til fæðingarorlofs sé bundinn hvoru foreldri. Samhliða lengingu er mikilvægt að stjórnvöld beiti sér fyrir því að börnum standi dagvistun til boða frá 12 mánaða aldri sem og að hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi verði hækkaðar.

Virðingarfyllt,



Andri Valur Ívarsson
lögmaður BHM



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 04. desember 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum (lenging á rétti til fæðingarorlofs).

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 (lenging á rétti til fæðingarorlofs)

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna framkomnu frumvarpi um lengingu réttar til fæðingarorlofs. Umsögn þessi er samhljóða fyrri umsögnum Barnaheilla um sama málefni.

Lenging fæðingarorlofs yrði mikil réttarbót fyrir börn og foreldra á Íslandi. Mikilvægt er að stuðlað sé að því að báðir foreldrar nýti þann rétt sem þeim er tryggður með lögum, en slíkt er barninu fyrir bestu. Barnaheill vilja þó leggja til að sú lenging sem stefnt er að í frumvarpinu taki gildi að fullu á árinu 2020. Lenging fæðingarorlofs í 12 mánuði hefur staðið til í nokkur ár og áður samþykkt lög um slíkt hafa verið afturkölluð. **Því telja Barnaheill að lenging fæðingarorlofs þoli enga bið.**

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja afar mikilvægt að öll börn fái notið samvista foreldris í 12 mánuði óháð stöðu foreldra þess, eða hvort barnið eigi einungis eitt foreldri. Rétturinn á að vera barnsins og mikilvægt að hagsmunir þess séu fyrst og fremst hafðir að leiðarljósi. Því telja Barnaheill að rýmka eigi rétt til framsals á milli foreldra. Ef annað foreldrið getur ekki einhverra hluta vegna nýtt rétt sinn til fæðingarorlofs, skuli vera hægt að framselja þann rétt til hins foreldrisins. Samtökin telja þó afar mikilvægt að þessi réttur sé aðeins veittur í undantekningartilfellum og að meginreglan sé sú sem lögð er til í frumvarpinu. Einnig vilja samtökin benda á í þessu samhengi að tryggja þarf réttindi barna einstæðra foreldra þar sem hitt foreldrið er ekki til staðar þannig að þau fái jafnan tíma með foreldri á við önnur börn.

Þau tilfinningatengsl sem myndast milli barns og foreldris á fyrsta ári barnsins eru grunnurinn að öðrum tilfinninga- og félagstengslum síðar á ævinni. Lög um fæðingar- og foreldraorlof þurfa að taka mið af þessu.

Með lengingu fæðingarorlofs er jafnframt styttri tími frá því að orlofi lýkur, þar til barn fær leikskólavist. Barnaheill vilja því jafnframt leggja áherslu á mikilvægi þess að unnið sé að því, í samstarfi við sveitarfélög, að tryggja börnum örugga umönnun á vegum þess sveitarfélags sem þau búa í strax að fæðingar- eða foreldraorlofi loknu, hvort sem er innan heimilis eða utan, og þannig skapist ekki óvissuástand um umönnun barnsins, eins og nú er.

Barnaheill minna á rétt barna til bestu mögulegu lífsskilyrða án mismununar eins og hann birtist í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Samkvæmt honum ber að tryggja börnum sérstakt öryggi og vernd og að þau njóti jafnræðis. Liður í því er að tryggja öllum börnum umönnun foreldra sinna í 12 mánuði frá fæðingu og svo öruggt úrræði á vegum sveitarfélaga þegar fæðingarorlofi lýkur.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þá grundvallarreglu barnaréttarins og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru.

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2019

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof (lenging á rétti til fæðingarorlofs)

BSRB lýsir yfir mikilli ánægju með að loksins eigi að lengja fæðingarorlof í 12 mánuði, en bandalagið hefur talað fyrir breytingum á fæðingarorlofskerfinu, m.a. lengingu orlofs, um langan tíma. Tók bandalagið m.a. þátt í vinnu starfshóps um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum sem skilaði skýrslu til ráðherra 2016 og er byggt á við samningu þessa frumvarps. BSRB skilaði umsögn um frumvarpið í samráðsgátt stjórnvalda þann 11. nóvember sl. Töluverður fjöldi umsagna barst og farið er yfir þær umsagnir í greinargerð með frumvarpi þessu. Þó er frumvarpið efnislega óbreytt, og telur BSRB því rétt að ítreka þau sjónarmið sem komu fram í umsögn bandalagsins til félagsmálaráðuneytisins.

BSRB er þeirrar skoðunar að réttur til fæðingarorlofs eigi að skiptast jafnt á milli foreldra. Markmið laga um fæðingar- og foreldraorlof eru tvíþætt, annars vegar að tryggja samvistir barna við foreldra sína og hins vegar að gera konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Tölur frá Fæðingarorlofsfjórði sýna að mæður nýta nánast allan sameiginlega réttinn og feður þann tíma sem þeim er úthlutað.¹ Tölur frá hinum Norðurlöndunum segja sömu sögu.²

Fæðingarorlofskerfið er hornsteinn jafnréttis, bæði á vinnumarkaði og í samfélaginu. Jöfn skipting orlofs mun stuðla að því að fjarvera foreldra frá vinnumarkaði vegna barneigna verði jafn löng og áhrifin af tímabundnu brotthvarfi af vinnumarkaði þau sömu. Þá yrði slík aðgerð mikilvæg til að tryggja jafna möguleika foreldra til samveru með barni sínu og þátttöku í uppeldi barna og heimilishaldi. Í skýrslu starfshópsins frá 2016 var lagt til að lengja fæðingarorlofið í áföngum frá 2019 til 2021, og að lokaniðurstaðan yrði sú sem lagt er upp með í frumvarpinu. Í skýrslunni er þó einnig tekið skýrt fram að æskilegt sé stefnt verði að því að skipta rétti til fæðingarorlofs jafnt á milli foreldra og vísað til hagsmuna fjölskyldna almennt og jafnréttissjónarmiða.³ Sjást þessi sjónarmið víða í greinargerðinni sem fylgja frumvarpinu.

Umræða og viðhorf í jafnréttismálum eru í sífelldri þróun og á hreyfingu og telur BSRB að nú þegar lengja á fæðingarorlofið eigi að taka það skref að skipta rétti jafnt á milli foreldra.

¹ Svar félags- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni um fæðingar- og foreldraorlof <<https://www.althingi.is/altext/150/s/0241.html>>.

² Tölur og umfjöllun má m.a. sjá í nýrri skýrslu Kvenréttindafélags Íslands, Norges kvinneobby og Sveriges kvinneobby þar sem fæðingarorlofskerfi Norðurlandanna eru borin saman <<https://view.publitas.com/kvenrettindafelag/foraldraledig-mer-an-koksbordsfraga/page/1/>>.

³ Velferðarráðuneytið *Framtíðarstefna í fæðingarorlofsmálum. Tillögur starfshóps*, bls. 24. Aðgengilegt á <https://www.stjornarradid.is/media/velferदारaduneyti-media/media/skvrslur2016/11032016_Framtidarstefna_i_daedingarorlofsmalum.pdf>.

BSRB leggur því til breytingar á a. liðum 1., 2. og 3. gr. frumvarpsins á þá leið að kveðið verði á um að sjálfstæður réttur beggja foreldra verði sex mánuðir. 1. tl. a. liðar 1., 2. og 3. gr. verði þá „í stað orðsins „þrjá“ kemur sex“ og setningar um sameinlega rétt foreldra í sömu greinum falli brott.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að lengingin komi til framkvæmdar í tveimur skrefum, sbr. 4. gr. frumvarpsins um bráðabirgðaákvæði. Sjálfstæður réttur til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks vegna barna sem fæðast á árinu 2020 verði þannig fjórir mánuðir á hvort foreldri og tveir mánuðir sem foreldrar geta deilt sín á milli, eða tíu mánuðir samanlagt. Stutt er til 1. janúar 2020 og líklegt er að einhverjir verðandi foreldrar hafi þegar skipulagt orlofstöku sína miðað við núgildandi reglur um þrjá mánuði á hvort foreldri og þrjá mánuði til skiptanna. BSRB gerir því ekki athugasemdir við þá skiptingu orlofs sem er fyrirhuguð með bráðabirgðaákvæðinu og mun gilda vegna barna sem fæðast á árinu 2020. Þó þyrfti að breyta orðalagi þess til samræmis við breytingar á öðrum ákvæðum ef fallist verður á tillögu BSRB um breytingar á 1., 2. og 3. gr., þar sem hún gerir ekki ráð fyrir neinum sameiginlegum rétti foreldra.

BSRB telur einnig rétt að benda á að afar misjafnt er á milli sveitarfélaga hvenær börn komast að í dagvistun og að Ísland er eitt Norðurlandanna þar sem börn eiga ekki lögbundinn rétt til dagvistunar.⁴ Starfshópurinn um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum lagði einnig til að öllum börnum yrði tryggt leikskólapláss við 12 mánaða aldur og að skipuð yrði sérstök verkefnisstjórn með fulltrúum ríkis og sveitarfélaga til að vinna að því.⁵ Þeirri tillögu hefur ekki verið fylgt eftir og kallar BSRB eftir því að dagvistunarmál verði tekin til skoðunar í félagsmálaráðuneytinu á ný.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á jafnrétti kynjanna. Að mati BSRB er kominn tími til að taka næstu skref fram á við og jafna möguleika foreldra til töku fæðingarorlofs og þar með stöðu þeirra á vinnumarkaði. Aðeins þannig getum við útrýmt gömlum hefðum og viðhorfum og stuðlað að jafnri ábyrgð við umönnun barna. Við græðum öll á því.⁶ Að lokum vill BSRB ítreka stuðning við lengingu orlofs í 12 mánuði, og telur afar brýnt að frumvarpið verði afgreitt sem lög frá Alþingi fyrir áramót.

Fyrir hönd BSRB



Dagný Aradóttir Pind
lögfræðingur

⁴ Sonja Ýr Þorbergsdóttir *Skýrsla BSRB um dagvistunarúrræði* (2017) <

https://www.bsrb.is/static/files/Utgefid_efni/skyrsla-bsrb-um-dagvistunarurraedi-mai-2017.pdf>

⁵ Velferðarráðuneytið *Framtíðarstefna í fæðingarorlofsmálum. Tillögur starfshóps*, bls. 28. Aðgengilegt á <

https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/skyrslur2016/11032016_Framtidarstefna_i_daedingarorlofsmalum.pdf>.

⁶ Sjá einnig grein forystukvæna verkalyðshreyfingarinnar, Sonju Ýrar Þorbergsdóttur, formanns BSRB, Drífu Snædal, forseta ASÍ, og Þórunnar Sveinbjarnardóttur, formanns BHM „Tími og peningar – lengjum fæðingarorlofið strax“ < <https://www.bsrb.is/is/skodun/skodun/timi-og-peningar-lengjum-faedingarorlofid-strax>>

Alþingi
Nefndasvið
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 4. desember 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum (lenging fæðingarorlofs). Þingskjal 529 - 393. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar tækifærið til að gefa umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum (lenging fæðingarorlofs). Fagnar Félagsráðgjafafélag Íslands framlögðu frumvarpi en lenging fæðingarorlofs úr níu mánuðum í tólf er löngu tímabær í því skyni að tryggja börnum umönnun foreldra á þessu viðkvæma tímabili í lífi þeirra. Þá er þetta mikilvægt skref í þá átt að auðvelda foreldrum að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Lenging fæðingarorlofs úr níu mánuðum í tólf styður við heilbrigð tilfinningatengsl foreldra og barna og leggur þannig grunn að velferð barnsins í bráð og lengd. Í ljósi mikilvægi tilfinningatengsla foreldra og barna fyrir þroska og sálfélagslega heilsu barna telur félagið brýnt við heildarendurskoðun laga um fæðingar- og foreldraorlof að lögin endurspegli rétt barns til umönnunar foreldra á þessu viðkvæma tímabili ekki síður en rétt foreldra á vinnumarkaði.

Félagsráðgjafafélag Íslands vekur athygli á mikilvægi þess að auka félags- og fjölskylduráðgjöf við foreldra á meðgöngu og á fyrstu ævimánuðum barns til tryggja enn frekar að öll börn eigi þess kost að njóta umönnunar beggja foreldra. Rík hefð er fyrir áherslu á rétt barna til umönnunar beggja foreldra en um hana er einnig kveðið í barnalögum og þingsályktun um fjölskyldustefnu. Til dæmis er mikilvægt að efla foreldrasamstarf og samband foreldra sem ekki deila lögheimili svo tryggt sé að barnið njóti umönnunar beggja foreldra á fyrstu æviárum. Einnig þarf að tryggja góða fræðslu til allra foreldra, en ekki síst foreldra sem ekki deila lögheimili, um réttindi þeirra og skyldur við barn sitt. Slík þjónusta er nauðsynleg í ljósi mikilvægis tengslamyndunar foreldra og barna fyrir líkamlega- og sálfélagslega heilsu barna og því þarf að tryggja foreldrum aðgang að ráðgjöf og stuðningi á meðgöngu og eftir fæðingu barns til að auðvelda þeim að standa saman að umönnun barns.

Félagsráðgjafar eru ein þeirra lykilfagstétta sem styðja við börn og foreldra frá meðgöngu og fyrstu árin en rannsóknir hafa sýnt að fyrsti 1001 dagurinn í æviskeiði barna leggur grunninn að velferð einstaklinga ævina á enda. Félagsráðgjafar vinna með fólki á viðkvæmum tímabilum lífsins og eru sérfræðingar í því að meta félagslega stöðu með heildarsýn að leiðarljósi og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann, formaður



Umsögn stjórnar Geðverndarfélags Íslands um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000 með síðari breytingum (lenging fæðingarorlofs).

150. löggjafarþing 2019-2020

Bingskjal 529 – 393. mál. Stjórnarfrumvarp.

Stjórn GÍ leggur áherslu á meginhugmyndina um fæðingarorlof sem kemur fram í **markmiðsgrein** laganna, 2. greininni, að fæðingarorlof foreldra sé til að **tryggja barni** samvistir við foreldra. Barnið er m.ö.o. miðpunktur laganna og þarfir þess þar með í öndvegi. Stjórn GÍ leggur áherslu á að þarfir barnsins komi alltaf í fyrsta sæti og að þarfir foreldranna þurfi að laga að þörfum barnsins, en ekki öfugt.

Sú breyting sem er lögð til með þessu frumvarpi felst í því að tryggja foreldrum, ekki barninu, rétt til samvista, þrátt fyrir að markmiðgrein laganna, sem áður var vitnað til, orði það skýrt að markmiðið sé að tryggja barninu rétt til samvista. Sú regla að tryggja foreldrum sjálfstæðan rétt, 5 mánuði hvoru, og að hann sé ekki framseljanlegur, brýtur gegn bæði barninu og markmiðsgrein laganna, sbr. 1. mgr. 2. gr. Þetta er augljóst í tilfelli einstæða foreldra, þar sem annað þeirra getur af einhverjum ástæðum ekki verið samvistum við barnið (ekki er vitað hver faðirinn er, foreldri er alvarlega veikt, er óhæft eða vill ekki umgangast barnið). Börn sem þannig stendur á um fá þá eftir þessa breytingu 5 + 2 mánuði, 7 mánuði samtals, meðan önnur börn fá 12 mánuði. Barn einstæðs foreldris í dæminu hér á undan ætti ekki að fá minni tíma með foreldri sínu.

Okkur er ljóst að meginhugmynd laganna, þrátt fyrir 1. mgr. 2. gr, með sjálfstæðum, óframseljanlegum rétti til foreldraorlofs er að stuðla að þátttöku feðra í umönnun barna sinna fyrstu mánuðina. Við teljum hins vegar að börnin eigi ekki gjalda þess að ferður nýti sér ekki þennan rétt heldur eigi orlofstíminn að vera merktur börnunum. Það er síðan annað verkefni að auka jafnréttisvitund í samfélaginu og stuðla að því að feður langi til að vera 5 mánuði heima með nýju barni, telji það eftirsóknarvert og hluta af sjálfsmynd sinni.

Fjöl margar rannsóknir styðja mikilvægi góðrar umönnunar foreldra við barn og heilbrigðrar tengslamyndunar milli barns og foreldris/foreldra fyrst tvö árin. Fyrstu tvö árin geta verið afgerandi um framtíð barnsins og ráðið úrslitum um hvort úr grasi vaxi heilbrigður og farsæll einstaklingur sem hefur notið nærandi samskipta við foreldra sína, eða barn sem þróast yfir í ungling og síðan fullorðna manneskju með margháttadan vanda sem rekja má til ýmiss konar áfalla fyrstu tvö árin, eða ónógs, nærandi tíma með foreldrum á þessu mikilvæga mótunarskeiði í

lífi hvers barns. Þó fjárhagsleg rök eigi ekki að ráða öllu um velferð fjölskyldna þá hefur margoft verið bent á hve mikla fjármuni megi spara með snemmtækri íhlutun í málefni barna og - fjölskyldna, t.a.m. hefur London School of Economics komist að því að breska ríkið gæti þannig sparað 40 milljónir sterlingspunda á ári, sjá hér: <http://www.lse.ac.uk/website-archive/newsAndMedia/newsArchives/2010/11/mentalHealth.aspx>

Að þessu sögðu er það álit stjórnar GÍ að lagabreytingartillögu þeirri, sem hér er til umfjöllunar, verði breytt á þann veg að hvert barn fái 18 mánaða sjálfstæðan rétt til orlofs með foreldri sínu eða foreldrum.

Þessi afstaða félagsins er í samræmi við **Stefnu Geðverndarfélags Íslands um geðheilbrigði ungra barna á Íslandi** sem var samþykkt á aðalfundi félagsins 2018. Hún fylgir þessari umsögn ásamt grein Sæunnar Kjartansdóttur, sálgreinis, „Hvernig væri að ráða hæfasta fólkið“ sem birtist í Fréttablaðinu 19. mars 2018.

Stjórn Geðverndarfélags Íslands.



Stefna Geðverndarfélags Íslands um geðheilbrigði ungra barna á Íslandi

Inngangur

Gagnreyndar rannsóknir sýna að tíminn **frá getnaði til tveggja ára aldurs** er afgerandi fyrir þroska og velferð barna. Nærandi og næm umönnun ungbarna er grundvallaratriði sem leggur grunninn að góðri sjálfsmynd, andlegri og líkamlegri heilsu og félagslegri velferð á fullorðinsárum. Að leggja góðan grunn í upphafi æviskeiðs í lífi barna eykur líkur á farsæld á fullorðinsárum sem stuðlar að hagsæld fyrir samfélagið allt. Rannsóknir sýna að snemmtækur stuðningur og sálfélagsleg inngrip við fjölskyldur ungbarna kosta lítið miðað samfélagslegan kostnað ef ekkert er að gert - niðurstaðan er sparnaður fyrir samfélagið. London School of Economics (LSE) gaf út skýrslu árið 2014 sem sýndi að fyrir hverja krónu sem eytt er í þennan málaflokk mætti spara 30. Miðað við íslenskan raunveruleika og árlega fæðingartíðni mætti spara **7 milljarða** íslenskra króna fyrir hvern árgang með því að sinna foreldrum á meðgöngu og börnum þeirra fyrstu tvö árin á fullnægjandi hátt.

Það, hvernig við önnumst börn frá fæðingu til tveggja ára aldurs, ræður framtíð þeirra sem hefur í kjölfarið áhrif á framtíð samfélags okkar. Ástrík, örugg og traust samskipti barns og foreldra ásamt lærdómshvetjandi fjölskyldu og heimili, byggir upp:


- tilfinningalega **velliðan** (stundum kallað geðheilbrigði barns);
- hæfni til að móta og viðhalda jákvæðum **samskiptum** við aðra;
- **heilann og heilbrigða heilastarfsemi** (um 80% af vexti heilans á sér stað fyrir þriggja ára aldur)
- **móðurmálsfærni**, og
- hæfileikann til að **læra** (“mjúku” eiginleikarnir til að tengjast öðrum, þrífast vel og í framhaldinu fara að læra “hörð” sannindi sem varða leið að námi síðar meir: að öllu þessu er grunnurinn lagður á fyrstu mánuðum í lífi hvers barns. Lítil stuðningur, sérstaklega þegar barni er ekki forðað frá ofbeldi eða vanrækslu, getur haft varanleg áhrif á líf þess).

Rannsóknir hafa einnig sýnt að að því betur sem haldið er utan um **fjölskyldur** og börn sem aðstandendur geðsjúkra, t.a.m. með samtali þar sem öll fjölskyldan kemur saman, því betur

líður allri fjölskyldunni og líkur minnka á að veikindi flytjist áfram til næstu kynslóðar. Mikilvægt er að fjölskyldan einangrist ekki og reyni að fela hinn veika fyrir umheiminum.

Sýnt hefur verið fram á að **áföll** af ýmsum toga geta haft margþætt áhrif á lífsskilyrði og lífsgæði. Það hefur komið í ljós á síðustu áratugum að börn geta upplifað áföll (relational trauma) vegna álags og veikinda innan fjölskyldunnar. Þessi áföll eru ekki alltaf sýnileg öðrum þar sem þau eiga sér stað innan veggja heimilis og hafa þess vegna verið kölluð „hinn þögli faraldur“. Komið hefur í ljós að afleiðingar slíkra áfalla geta verið langvinn og haft í för með sér “bresti” í bæði andlegri og líkamlegri heilsu.

Alvarleg áföll í bernsku, þegar heilinn er enn í mótun, hafa almennt meiri áhrif en þau sem við verðum fyrir síðar á lífsleiðinni og því er mikið fengið með því að forða börnum frá því að lenda í erfiðum aðstæðum og minnka skaðann með **snemmtækum** stuðningi og inngripum.



Stefna Geðverndarfélags Íslands

Gí álitur að geðheilbrigðisþjónustu eigi að byggja á þrepunum sem koma fram á myndinni hér að framan:

SAMFÉLAG

- Efla þarf **samfélagslega meðvitund** um mikilvægi fyrstu tveggja árána í lífi hvers barns, frá getnaði. Auka þarf almenna þekkingu og skilning á að hvert barn fái tækifæri til heilbrigðrar tengslamyndunar við foreldra og að það sé verndað fyrir afleiðingum þunglyndis foreldra, ofbeldis og áfengis- og eiturfjaneyslu þeirra.
- Efla þarf almenna vitund og þekkingu á afleiðingum áfalla í bernsku og auka þekkingu og notkun **ACE spurningalistans** (Adverse Childhood Experience International Questionnaire) til að greina og kortleggja vandann svo hægt sé að vísa í viðeigandi úrræði.

HEILSUGÆSLAN

- Heilsugæslan þarf að verða vettvangur **þverfaglegar** vinnu með fjölskyldum, konum á meðgöngu, fjölskyldu og barni fyrstu tvö ár í lífi þess. Mikilvægt er að fagfólk heilsugæslunnar geti greint heilsufars- og þroskavanda barna út frá samspili við umönnunaraðila.
- **Fjölskyldubrúin** er gagnreynt úrræði sem miðar að því að hindra að börn verði fyrir neikvæðum áhrifum vegna veikinda foreldra sinna. Slíkt úrræði ætti að vera hluti af starfsemi allra **heilsugæslustöðva** ásamt því að vera hluti af úrræðum sérfræðipjónustu á **spítala**.
- **Fjölskylduhús** á að starfrækja í samstarfi heilsugæslu, sveitarfélags og velferðarsamtaka í hverju sveitarfélagi. Fjölskylduhúsið er vettvangur þverfaglegar vinnu með fjölskyldum, sérstaklega þeim sem standa höllum fæti.

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA

- Veita á sérhæfða þjónustu þeim fjölskyldum sem standa höllum fæti, s.s. með meiri þjónustu, tíðari heimsóknum og nákvæmara eftirliti. Slík þjónusta á ekki að hafa í för með sér kostnað fyrir fjölskyldur. Þetta má gera að fyrirmynd breska **Family Nurse Partnership Programme, Solihull Approach ofl**.
- Þessi úrræði gætu verið til staðar í **fyrstastigs-þjónustu** heilsugæslunnar þar sem veitt er **viðbótarþjónusta** við það sem allir fá.

SJÚKRAHÚS

- Sjúkrahús veitir sérhæfða þjónustu við alvarlegum geðheilsuvanda með þverfaglegri, sérhæfðri fjölskyldu-miðaðri nálgun.

Geðverndarfélag Íslands telur að til þess að bæta aðstæður barna í íslensku þjóðfélagi fyrstu árin þurfi að

- **stytta** vinnuvikuna til að foreldrar fái meiri tíma með börnum sínum,
- lengja **fæðingarorlof í 18 mánuði**, eða brúa bilið með heimgreiðslum til foreldra sem það kjósa,
- **styrkja fagþekkingu** starfsfólks leikskóla og ráða fleiri leikskólakennara í stað ófagmenntaðs starfsfólks,
- auka skilning og þekkingu **stjórnámálanna** á mikilvægi fyrstu áranna í lífi hvers barns,
- stofna **Fjölskylduhús** í samstarfi heilsugæslu, sveitarfélags og velferðarsamtaka þar sem fjölskyldur og börn geta hist og átt samskipti til að auka tengsl og haft aðgang að fagfólki þegar á þarf að halda

Geðverndarfélagið telur einnig að mynda eigi **stuðningshópa** fyrir börn og unglinga sem eiga geðveika foreldra sem heilsugæslan / Fjölskylduhús haldi utan um.

Geðverndarfélagið telur brýnt að **ítarlegar rannsóknir** verði framkvæmdar á aðstæðum barna á Íslandi í samvinnu við háskóla landsins.

SKOÐUN



Hvernig væri að ráða hæfasta fólkið?

Sæunn Kjartansdóttir skrifar © 19. mars 2018 14:25

Líkar þetta 1,4 þ.

Við búum ekki vel að yngstu börnunum okkar. Þau sem eiga tvo foreldra fá að hafa annað þeirra hjá sér fyrstu níu mánuði ævinnar en börn einstæðra foreldra verða að komast af með sex. Eftir það er tilvera ungbarna eins og hvert annað lotterí. Er barnið svo lánsamt að foreldrar þess geta og vilja forgangsraða tíma sínum með því? Er einhver ókunnug manneskja til í að taka það að sér ásamt fjórum jafnöldrum þess? Eða er séns að koma því í yfirfulla og undirmannaða leikskóla?

Það verður aldrei nógsamlega ítrekað að byggingarefni sjálfsins er umönnun fyrstu áranna. Hún leggur grunn að hugmyndum barna um sjálf sig og heiminn sem þau fæddust í, getu þeirra til að takast á við erfiðar tilfinningar og eiga í samskiptum við aðra. Allir þessir þættir hafa áhrif á líkamlega og andlega heilsu fram á fullorðinsár.

Pólitísk rétthugsun

Of lengi hafa það verið viðtekin sannindi að börnum frá eins árs aldri sé best komið í leikskóla. Af almennri umræðu mætti ætla að foreldrar iði í skinninu eftir að geta “haldið áfram með líf sitt” í vinnunni. Við skilgreinum leikskóla sem fyrsta skólastigið og gerum mikið úr menntunarhlutverki hans. Hvaðan kemur sú hugmynd að eins árs gömul börn þarfnist menntunar? Fyrstu árin er vitsmunaheilinn í mótun og mikilvæg skilyrði fyrir þroska hans eru að barni sé hlíft við óhóflegri streitu. Hvað veldur börnum mestri streitu á þessum aldri? Aðskilnaður frá foreldrunum eða þeim sem þekkja barnið best. Áhersla á félagslega færni og aðlögun að hópi lítilla barna og nýju og nýju starfsfólki er fullkomlega ótímabær og til þess fallin að auka streitu hjá ungum börnum. Eins og allir vita glíma leikskólar við krónískan skort

á hæfu starfsfólki. Samt vilja margir leysa vanda yngstu barnanna með því að byggja fleiri slíka. Hvort sem tekið er mið af hagsmunum barna eða kostnaði samfélagsins þegar til lengri tíma er litið eru þær hugmyndir afleitar. Fyrstu tvö árin þarfnast börn einstaklingsmiðaðrar umönnunar sem getur aldrei orðið ódýr. Það er á hinn bóginn mjög kostnaðarsamt fyrir samfélagið að tíma ekki að hugsa almennilega um börn.

Róttækra breytinga er þörf

Brýnasta hagsmunamál ungbarna er lengra fæðingarorlof. Nú stendur til að lengja það í tólf mánuði fyrir börn sem eiga tvo foreldra en sjö fyrir börn einstæðra foreldra. Við þurfum að gera mun betur. Þangað til fæðingarorlofið verður tvö ár fyrir öll börn er mikilvægt að leita leiða til að koma til móts við ungbarnafjölskyldur og gera foreldrum kleift að vera lengur heima með barni sínu eða stytta tímenn sem þau eru aðskilin. Mikilvægur liður í þeirri viðleitni er stytting vinnuvikunnar ásamt sveigjanlegum vinnutíma foreldra og vistunartíma leikskóla þannig að báðir foreldrar geti sinnt barni og starfi.

Að auki legg ég til að foreldrum verði gefinn kostur á að nýta það fjármagn sem sveitarfélögin verja til að niðurgreiða pláss á leikskólum. Heildsdagsvist á leikskóla fyrir eins árs gamalt barn kostar Reykjavíkurborg u.þ.b. 280 þúsund kr. á mánuði og tveggja ára gamalt 240 þúsund kr. Með því að greiða foreldrum þá upphæð væri í flestum tilvikum hæfasta fólkið valið til að sinna ábyrgðarmesta hlutverkinu. Á sama tíma væri álagi létt af aðþrengdum leikskólum. Kysu foreldrar að fela öðrum umsjá barnsins síns gætu þeir greitt dagforeldri sömu upphæð með því skilyrði að ekki væru fleiri en þrjú börn yngri en tveggja ára á ábyrgð hvers dagforeldris. Skilyrði fyrir kerfi af þessu tagi er að greiðslur væru raunhæfur valkostur fyrir alla foreldra en ekki ölmusa fyrir konur. Mögulega gætu ríki og sveitarfélög tekið höndum saman þangað til lengra fæðingarorlof verður að veruleika.

Margir foreldrar munu áfram kjósa leikskóla umfram aðra valkosti og fyrir börn sem eru orðin tveggja til þriggja ára gegna þeir mikilvægu hlutverki. En eigi leikskólar að taka við börnum yngri en tveggja ára verða þeir að vera vel mannaðir hæfu starfsfólki sem hefur skilning á viðkvæmni þeirra og getu til að sinna svo ungum börnum. Mikilvægasta hlutverk starfsfólks er að veita börnunum öryggi en forsenda þess er samfella í tengslum starfsmanns og barns. Starfsmenn þurfa jafnframt að vera færir um að lesa í þarfir sérhvers barns, hlusta á það, leyfa því að verða háð sér, bregðast fljótt við vanlíðan barnsins og sýna því umhyggju. Þannig er börnum veitt vernd gegn streitu sem er forsenda þess að þau geti gleymt sér í leik og lært.

Athugið. Allar athugasemdir eru á ábyrgð þeirra er þær rita. Vísir hvetur lesendur til að halda sig við málefnalega umræðu. Einnig áskilur Vísir sér rétt til að fjarlægja ærumeiðandi eða ósæmilegar athugasemdir og ummæli þeirra sem tjá sig ekki undir eigin nafni.



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 9. desember 2019
1912013 JFK

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, 393. mál


Jafnréttisstofa þakkar fyrir tækifærið að koma að umsögn sinni vegna ofangreinds máls. Jafnréttisstofa fagnar framlögðu frumvarpi og telur það til bóta.

Stofan telur þó tilefni til að koma eftirfarandi á framfæri.

Í kjölfar þeirrar efnahagskreppu sem skall á árið 2008 voru hámarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði lækkaðar. Þetta varð til þess að þeim einstaklingum sem nýttu sér fæðingarorlof fækkaði og á það sérstaklega við um feður. Því er mikilvægt að hækka hámarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði þannig að stuðla megi betur að því að báðum foreldrum sé kleift að nýta rétt sinn til fulls.

Þá bendir Jafnréttisstofa einnig á að nauðsynlegt er að tryggja börnum dagvistun frá þeim tíma er rétti til töku fæðingarorlofs líkur. Samkvæmt greinargerð sem fylgir frumvarpi þessu er einmitt fjallað um að hefja viðræður milli ríkis og sveitarfélaga varðandi þetta og fagnar Jafnréttisstofa því. Það hefur sýnt sig að það lendir frekar á móður barns að brúa bilið á milli loka fæðingarorlofs og þar til að barn kemst í dagvistun.

Jafnréttisstofa leggur því áherslu á að tryggt verði að báðum foreldrum verði gert kleift að nýta sinn rétt til töku fæðingarorlofs þar sem töluvert ójafnvægi er á milli kynjanna í dag.¹



Jón Fannar Kolbeinsson
Jafnréttisstofu

¹ <https://www.althingi.is/alttext/150/s/0241.html>



**KVENRÉTTINDAFÉLAG
ÍSLANDS**
STOFNAÐ 1907

10. desember 2019
Hallveigarstöðum, Reykjavík

Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum (lenging fæðingarorlofs), þingskjal 529, 393. mál, 150. löggjafarþing.

Kvenréttindafélag Íslands fagnar framkomnu frumvarpi sem kveður á um lengingu fæðingarorlofs í tólf mánuði.

Kvenréttindafélag Íslands vill þó koma á framfæri þeirri skoðun sinni að réttindum á vinnumarkaði eigi ekki að deila með öðrum og telur því eðlilegt að hvort foreldri um sig eigi sex mánaða sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs.

Kvenréttindafélag Íslands vill einnig koma því á framfæri að nauðsynlegt sé að brúa bilið á milli þegar fæðingar- og foreldraorlofi lýkur og þegar daggæsla barna er tryggð. Jafnvel eftir lengingu fæðingar- og foreldraorlofs sem um ræðir í þessu frumvarpi, stendur eftir eitt ár sem foreldrar hafa ekki tryggða daggæslu, og 17 mánuðir fyrir einstæða foreldra.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir
framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands



100 ÁRA

LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

The Icelandic Midwives Association

Stofnað árið 1919

Umsögn við frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum (lenging fæðingarorlofs)

Sterk tengslamyndun milli foreldra og barna fyrstu mánuðina er afar mikilvæg þroska og velferð barna. Því fagnar Ljósmeðrafélag Íslands að til standi að lengja fæðingarorlof úr 9 mánuðum í 12.

Jákvætt er að óframseljanlegur réttur beggja foreldra til fæðingarorlofs skuli aukast, sbr. greinargerð um jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Frumvarpið miðar þannig að því að fleri feður/makar taki lengra fæðingarorlof til þess að tryggja jafna stöðu foreldra. Þó er mikilvægt að konur hafi enn þann möguleika að taka a.m.k. sex mánuði í fæðingarorlof þar sem ráðleggingar WHO um brjóstgjöf mæla með því að börn séu eingöngu á brjósti til a.m.k. 6 mánaða aldurs. Því er erfitt að framfylgja ef konur eru aftur komnar til starfa innan 6 mánaða frá fæðingu.



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. desember 2019

1911105SA KB/bg
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum (lenging fæðingarorlofs), 393. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis dags. 28. nóvember, þar sem ofangreint þingmál er sent til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Almennt

Markmið frumvarpsins er að lengja samanlagðan rétt foreldra til fæðingarorlofs úr níu mánuðum samkvæmt gildandi lögum í 12 mánuði. Lengingin komi til framkvæmda í tveimur áföngum og verði að fullu komin til framkvæmda fyrir foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur frá og með 1. janúar 2021 eða síðar.

Í stefnumörkun sambandsins fyrir 2018-2022 er fjallað um fæðingarorlof en þar segir: „Sambandið beiti sér fyrir því að fæðingarorlof verði lengt í 12 mánuði án þess að það leiði til skerðingar á greiðslum til foreldra. Teknar verði upp viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun leikskóladvalar að fæðingarorlofi loknu.“ Sambandið tekur því heilshugar undir frumvarpið og að fæðingar- og foreldraorlof verði lengt til 12 mánaða.

Leikskóladvöl að fæðingarorlofi loknu

Í greinargerðinni er lögð áhersla á mikilvægi þess að viðræður verði hafnar milli ríkis og sveitarfélaga um möguleika barna á að hefja leikskóladvöl við tólf mánaðar aldur eða þegar rétti foreldra til fæðingarorlofs lýkur þar sem dvöl barna á leikskólum landsins er á forræði sveitarfélaganna. Sambandið vill ítreka mikilvægi þess að viðræður hefjist um fjármögnun leikskóladvalar að fæðingarorlofi loknu sem fyrst enda verður 12 mánaða fæðingarorlof komið að fullu til framkvæmda frá 1. janúar 2021. Það þýðir að ef stjórnvöld vilja að sveitarfélög geti tekið við börnum þegar 12 mánaða fæðingarorlof lýkur þá yrðu sveitarfélög að vera búin að gera viðeigandi ráðstafanir frá 1. janúar 2022.

Sambandið vísar til skýrslu starfshóps sem mennta- og menningarmálaráðherra skipaði á grundvelli þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi, sem lauk störfum á árinu 2015. Í skýrslunni kemur fram að sveitarfélög munu bera af því verulegan kostnað að koma slíkum hugmyndum í framkvæmd, bæði stofnkostnað við uppbyggingu fleiri leikskóla sem og aukins rekstrarkostnaðar um ókomna tíð. Áætlaður rekstrarkostnaður við að bjóða upp á leikskólavist fyrir öll börn frá 12 mánaða aldri er allt að 5,8 milljarðar króna á ársgrundvelli. Stofnkostnaður getur numið allt að 480 milljónir króna fyrir 120 barna leikskóla. Samanlagður

heildarkostnaður á hvert barn getur því numið allt að 2.042 þús. kr. á ári.¹ Þá má benda á að svo ung börn kalla á meiri mönnun en eldri börn á leikskóla, og sé lagt út af viðmiðunargjaldskrá leikskóla, vegna barna sem dvelja í leikskóla utan lögheimilissveitarfélags má sjá að heilsdagsígildi 1 árs barns er um 3,5 m kr. á ársgrundvelli á meðan að meðaltalið er um 2,7 m. kr. á ári. Varlega áætlað má gera ráð fyrir því að hækka þurfi útsvar um 0,18-0,46 prósentustig til að mæta slíkri útgjaldaaukningu sbr. meðfylgjandi minnisblað frá 15. maí 2017.

Í fyrrnefndri skýrslu er einnig fjallað um faglegar forsendur. Ef bjóða á öllum þeim sem ekki njóta leikskólavalar fyrir 2 ára aldur leikskólavist mun þurfa að fjölga starfsfólki um u.þ.b. 700 stöðugildi til að uppfylla þarfir fyrir faglega umönnun yngstu barnanna. Fleira starfsfólk þarf vegna umönnunar yngstu barnanna en þeirra eldri. Samkvæmt lögum um menntun og ráðningu kennara nr. 87/2008 eiga $\frac{2}{3}$ starfsfólks sem sinnir uppeldi og menntun barna á leikskólum að vera með leikskólakennaramenntun. Í dag er hlutfallið einungis 37% og því líklegt að gera þurfi sérstakt átak í að fjölga leikskólakennurum ef hugmyndir um leikskóla að loknu fæðingarorlofi eiga að verða að veruleika. Til að ná árangri í slíku átaki getur jafnframt þurft að endurskoða kröfur um námslengd leikskólakennara.

Skipting fæðingarorlofs

Fram kemur í greinargerð að ólíkar skoðanir hafi komið fram í samráðsferlinu varðandi skiptingu fæðingarorlofs milli foreldra. Annars vegar var hvatt til þess að lengja sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs fremur en að lengja rétt hvors foreldris fyrir sig en hins vegar var hvatt til þess að sjálfstæður réttur hvors foreldris ætti að vera sex mánuðir og ekki ætti að vera um sameiginlegan rétt foreldra að ræða.


Samkvæmt 2. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof er markmið laganna að tryggja barni samvistir við báða foreldra og að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Með hliðsjón af markmiði laganna má ætla að sú útfærsla sem lögð er til í frumvarpinu styðji við markmiðin um leið og ákveðinn sveigjanleiki sé til staðar fyrir fjölskyldur.

Að lokum

Sambandið styður frumvarpið og hvetur til þess að það verði samþykkt. Rétt þykir þó að ítreka mikilvægi þess að formlegur viðræðuhópur ríkis og sveitarfélaga um leikskóladvöl að loknu fæðingarorlofi verði stofnaður sem fyrst.


Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

¹ Skýrslan er aðgengileg á vef stjórnarráðsins en talnaefni þyrfti að sjálfsgöðu að uppfæra m.t.t. verðlags og mögulega breyttra forsendna: <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir2015/skyrsla-starfshops-um-leikskola-ad-loknu-faedingarorlofi-med-fylgiskjolum.pdf>



Minnisblað

Móttakandi: Stjórn sambandsins

Dags.: 15. maí 2017

Sendandi: Framkvæmdastjóri

Málsnr.: 16080165A

Málalykill: 00.64

Efni: Mat á kostnaði við leikskóla frá 12 mánaða aldri og lengingu fæðingarorlofs

I. Inngangur

Á fundi stjórnar sambandsins þann 31. mars 2017 var tekið fyrir erindi frá Hveragerðisbæ, dags. 22. mars 2017, um fæðingarorlof og málefni barnafjölskyldna. Á fundinum var einnig lögð fram umsógn sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 17. ágúst 2016, um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og skýrsla starfshóps vegna þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi, dags. 1. maí 2015. Samþykkt var að fela framkvæmdastjóra taka saman minnisblað um málið og leggja fyrir næsta stjórnarfund.

Í erindi Hvergerðisbæjar er félags- og jafnréttisráðherra hvattur til að hlutast til um að lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 verði breytt með það fyrir augum að fæðingarorlof verði lengt í 12 mánuði eða til samræmis við það sem gerist í nágrannalöndum. Einnig er ráðherra hvattur til að hefja viðræður við sambandið um aðkomu sveitarfélaga að lausn þess verkefnis sem framundan er að tengja saman fæðingarorlof og dagvistarúrræði. Í umræðum um málið á stjórnarfundinum var talið mikilvægt að teknar yrðu saman upplýsingar um áætlaðan kostnað við þær breytingar sem um er að ræða og er það gert í minnisblaði þessu. Mat á kostnaði er háð mörgum breytum og nokkurri óvissu og vísast til þeirra grunnganga sem byggt er á í þessu minnisblaði um nákvæmari rannsóknir á kostnaðarmatinu.

II. Kostnaður við leikskóla frá 12 mánaða aldri og lenging fæðingarorlofs

Í skýrslu starfshóps menntamálaráðherra um leikskóla að loknu fæðingarorlofi frá maí 2015 er gert ráð fyrir því að kostnaður við að bjóða öllum börnum sem orðin eru 12 mánaða gömul leikskólavistun geti falið í sér nærri 6 ma.kr. útgjaldaauka fyrir sveitarfélögin, sem nemur um 6,6 ma.kr. á verðlagi 2017. Í skýrslunni kemur fram að mögulegar leiðir til fjármögnunar felist einkum í hækkun útsvars og hækkun leikskólagjalda. Ef slík breyting yrði eingöngu fjármögnuð með hækkun útsvars þyrfti það að hækka á bilinu 0,18-0,46 prósentustig. Þessi rúmu vikið skýrast af því að starfshópurinn skoðaði málið út frá ýmsum breytilegum forsendum. Meðalútsvarsálagning árið 2017 nemur 14,44% svo hækkunin myndi nema 1,2% til 3,2% í auknum útsvarsgreiðslum landsmanna.

Nú er lengd fæðingarorlofs 9 mánuðir og að framan er miðað við að leikskóladvöl verði boðin frá eins árs aldri. Það þarf því að koma til lengingar fæðingarorlofs um þrjá mánuði. Samkvæmt niðurstöðum skýrslu starfshóps á vegum velferðaráðuneytisins um *Framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum* frá mars 2016 er áætlaður kostnaður við lengingu fæðingarorlofs um þrjá mánuði 4,5-5,2 ma.kr. sem nemur um 4,8-5,5 ma.kr. á verðlagi fjárlaga 2017. Nokkur þrýstingur er á stjórnvöld að hækka hámark fæðingarorlofsgreiðslna, en ekki er tekið tillit til þess kostnaðar sem það myndi leiða af sér í þessum útreikningum.

III. Niðurstaða um kostnað

Samtals nemur því kostnaður við leikskóla frá 12 mánaða aldri og lengingu fæðingarorlofs úr 9 mánuði í 12 mánuði samtal um 11,4-12,1 ma.kr. á ársgrundvelli m.v. verðlag 2017.

KB